



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**600. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. mars 2025
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Ársreikningur 2024 - 2501003

Fyrirliggjandi er ársreikningur SSH vegna ársins 2024. Haraldur Ö. Reynisson endurskoðandi hjá KPMG kemur fyrir fundinn með fjarfundabúnaði og kynnir helstu atriði ársreikningsins.

Gestir

Haraldur Ö. Reynisson endurskoðandi KPMG

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning og er hann staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Áframhaldandi umræður frá 599. fundi stjórnar. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna.

Niðurstaða:

Umræður

3. Almenningsamgöngur á hbsv. Nýir notendur - Sóknaráætlun 2024 - 2404007

Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu - nýir notendur, var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024. Verkefninu er nú lokið og liggur fyrir skýrsla um það en niðurstöður hennar benda til þess að viðhorf til Strætó bs. sé jákvæðara meðal þeirra sem nýta sér þjónustuna en þeirra sem gera það ekki. Birna Guðmundsdóttir og Herdís Steinarsdóttir frá Strætó bs. kynna verkefnið og fyrirliggjandi skýrslu.

Þá er fyrirliggjandi minnisblað Ásdísar Ólafsdóttur svæðisskipulagsstjóra



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

höfuðborgarsvæðisins, dags. 27. febrúar 2025, um verkefnið.

Lagt fram til kynningar en jafnframt verður verkefnið kynnt á sérstökum kynningarfundum fyrir kjörna fulltrúa.

Gestir

Birna Guðmundsdóttir sölu- og markaðsdeild Strætó bs.

Herdís Steinarsdóttir sölu- og markaðsdeild Strætó bs.

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps fer af fundi.

4. Börn og ungmenni - alvarleg staða - 2502008

Fyrirliggjandi er erindi stjórnar Samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2025, vegna þeirrar stöðu sem er uppi þegar kemur að þjónustu við börn og ungmenni og skorti á úrræðum til barna með fjölþættan vanda og fjölskyldna þeirra. Er þar m.a. skorað á stjórn SSH að óska eftir samtali við viðeigandi ráðherra og aðra aðila sem málið varðar. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að á fundi með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins, þ.á.m. ráðherrum, sem haldinn verður 7. mars nk. er ætlunin að ræða m.a. stöðu barna með fjölþættan vanda og meðferðarkerfisins á Íslandi, sbr. fyrirliggjandi fundarboð. Þá er fundur með mennta- og barnamálaráðherra á dagskrá hinn 17. mars nk.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður.

5. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Á 586. fundi stjórnar SSH var verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum falið að skoða mögulegar sviðsmyndir í Skálafelli og leggja fyrir stjórn. Minnisblað Einars K. Stefánssonar verkefnastjóra VSÓ-ráðgjöf, dags. 26. febrúar 2025 og sviðsmyndagreining hópsins vegna framangreinds er fyrirliggjandi til umræðu.

Fyrirliggjandi er þá erindi hópsins Opnum Skálafell til stjórnar SSH, samstarfsnefndar skíðasvæðanna og verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum og upplýsingar um afgreiðslu þess í bæjarráði Mosfellsbæjar dags. 27. febrúar 2025.

Jafnframt er fyrirliggjandi til kynningar fundargerð fundargerð verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 25. febrúar 2025.

Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar. Frekari umræðum frestað til næsta fundar.

6. Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Mál þetta var síðast tekið til umræðu á 580. fundi stjórnar en þá voru kynntir samningar við framkvæmdaraðila, verkefnastjóra og eftirlitsaðila verksins. Borun rannsóknarborhola hófst á árinu 2024. Gert er ráð fyrir áframhaldandi borun rannsóknarborhola í fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2025. Einnig er gert ráð fyrir innkaupum og uppsetninga mælistöðva og mælinema.

Fyrirliggjandi er minnisblað Ásdísar Ólafsdóttur svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins dags. 27. febrúar þar sem farið er yfir stöðu borana og mælinga.

Þá er lagt til að:

-Stjórn samþykki tillögur að tilfærslu milli kostnaðarliða í fjárhagsáætlun Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2025 í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað. Þær breytingar á fjárhagsáætlun hópsins verði þá sendar sveitarfélögunum til kynningar.

-Stjórn samþykki, líkt og áður, að SSH geri hlutaðeigandi samninga um rekstur og niðursetningu mæla.

-Stjórn samþykki að, afgangur af fyrirfram innheimtu fjármagni skv. drögum að ársreikningi 2024, verði geymdur á reikningum SSH þangað til ákvörðun um áframhaldandi borun liggur fyrir.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Skilavegir - yfirfærsla vega til sveitarfélaga - 1910012

Á 586. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að greina reynslu sveitarfélaganna af yfirfærslu skilavega og þær kostnaðarbreytingar sem yfirfærslan hefur leitt til. Skoðun á framangreindu hefur nú farið fram og liggja fyrir drög að skýrslu Birgis Björns Sigurjónssonar ráðgjafa.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og rýni. Frekari umræðum frestað. Framkvæmdastjóra er falið að halda sjá um skipulagningu og boðun vinnustofu um yfirfærslu skilavega.

8. Samræming vetrarþjónustu - 2308007

Fyrirliggjandi er tillaga Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um samræmingu vetrarþjónustu á stofnstígum höfuðborgarsvæðisins, dags. 16. janúar 2025. Gerð er tillaga um að erindinu verði vísað til starfshóps á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald, dags. 21. ágúst 2024, en hann vinnur að því markmiði að festa í sessi skuldbindingar og hlutverk ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga varðandi viðhald og rekstur stofnvega, stofnstíga og almenningssamgangna, sbr. og. 6. mgr. 6. gr. Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða:

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

9. Umsagnir þingmála - 1910005

Umsagnarbeiðni innviðaráðuneytisins vegna draga að frumvarpi til laga breytingu á sveitarstjórnarlögum, hvað varðar ákvæði 129. gr. um mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélögin, hefur verið birt á samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur er til og með 3. mars.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH um málið.

Niðurstaða:

Samþykkt

10. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur-Invest in Reykjavík-Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103008

Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur - Invest in Reykjavík var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar á árinu 2024. Fyrirliggjandi er minnisblað Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um feril og framvindu verkefnisins.

Niðurstaða:

Ekki gafst tími til að taka þennan dagskrárlið til umræðu og er honum því frestað.

11. Heilbrigðisumdæmi - hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins - 2205003

Fyrirliggjandi er erindi Brjáns Jónassonar, samskiptastjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. febrúar 2025, þar sem fram kemur beiðni um fund með stjórn SSH.

Niðurstaða:

Ekki gafst tími til að taka þennan dagskrárlið til umræðu og er honum því frestað.

12. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 134. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 7. febrúar 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 135. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 14. febrúar 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Önnur mál - 2110011

Skrifað er undir tilkynningu um breytingu á stjórn til fyrirtækjaskrár Skattsins, vegna þeirra breytinga sem urðu á stjórn með borgarstjórnarskiptum í Reykjavík.

Niðurstaða:

Afgreitt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026